

Alþingi  
b.t. Umhverfis- og samgöngunefndar  
Kirkjustræti  
101 Reykjavík

Reykjavík, 22. mars 2023  
Tilv.:2303580 / SBB

**Efni: 162. mál. Frumvarp til breytinga á umferðarlögum nr. 77/2019 um lækkun hámarkshraða**

Samgöngustofa fer með stjórnslu samgöngumála skv. 2. mgr. 1. gr. laga um Samgöngustofu, stjórnslustofnun samgöngumála nr. 119/2012 og skal skv. 3. mgr. 1. gr. með starfsemi sinni stuðla að öruggum, sjálfbærum, greiðum og hagkvæmum samgöngum.

Samgöngustofa telur hugmyndir um lægri ökuhraða með það að markmiði að bæta umferðaröryggi af hinu góða. Þó má velta því upp hvort lægri hámarkshraði á öllum óskiltuðum vegum innanbæjar skv. a-lið 2. gr. frumvarpsins, hafi tilætluð áhrif. Að mati Samgöngustofu mætti kanna fyrirbyggjandi kosti m.t.t. markmiðs stjórnvalda um bætt umferðaröryggi allra vegfarenda og skoða mætti mögulegar breytingar í samhengi við fyrirhugaða gatnagerð, notendur og umhverfi.

Skoða þarf hvort að draga myndi úr sérstöðu hverfa sem sérstaklega eru skiltuð fyrir hámarkshraðann 30 km á klst., væru skiltin fjarlægð og eðlisólíkir vegir með mun meiri umferðarþunga yrðu einnig með hámarkshraðann 30 km á klst. án þess að til kæmi breyting á þeim með tilkomu t.d. þrenginga og hraðahindrana. Það gæti verið hætt við því að hegðun ökumanna á slíkum vegum myndi smitast inn á svæði þar sem fólk fer almennt varlega. Almennt er hraði áhættuþáttur gagnvart umferðaröryggi vegfarenda, í ökutækjum sem og óvarinna, eins og fram kemur í frumvarpinu en óraunhæfur hámarkshraði á vegum sem ekki eru hannaðir fyrir slíkan hægfarenda akstur gæti unnið gegn markmiði um bætt umferðaröryggi heilt yfir.

Að því sögðu er Samgöngustofa ávallt fylgjandi bættu umferðaröryggi og almennt fylgjandi því að lægri hámarkshraði sé til bóta í þeim efnum en bendir á að þarna gætu fleiri þættir þurft að haldast í hendur svo sett markmið náist.

Virðingarfyllst,



Jón Gunnar Jonsson  
Förstjóri Samgöngustofu